

Lárus Thórarensen snikkari.
Magnús Jónsson, fyrrum hreppstjóri.
Manases Manasson, bóndi.
Magnús Kristjánsson, bóndi.
Magnús Ólafsson, vinnumaður.
Ólafur Guðmundsson, óðalsbóndi.
Ólafur Ólafsson, bóndi.
Oddur Gunnarsson, bóndi.
O. Ólafsson, bóndi.
Ólafur Ólafsson, húsmaður.
Ólafur Jónsson, bóndi.
Páll Jónsson, prestur.
Páll Jóhannsson hreppstjóri.
Páll Magnússon, hreppstjóri.
Pjetur Thorlacius timburmaður.
Páll Gíslason óðalsbóndi.
Páll Jónsson, bóndi.
Pjetur Eiríksson, bóndi.
Rónólfr Sveinsson, bóndi.
Stefán Jónsson, alþingismaður.
Sigurður Sveinsson, hreppstjóri.
Sigfús Thorlacius fyrrum hreppstjóri.
Sigfús Bergmann, fyrrum hreppstjóri.
Sigurður Sigurðsson, fyrrum hreppstjóri.
Sveinbjörn Þorsteinsson, járnsmiður.
Sveinbjörn Sigurðsson, bóndi.
Sigurður Sigfússon, bóndi.
Sveinn Sigfússon, bóndi.
Sigurður Konráðsson, bóndi.
Sigurður Jónsson, bóndi.
Sveinn Jónsson, bóndi.
S. H. Arnason, bóndi.
Sveinn Jónsson, bóndi.
Sigurður Þorkelsson, bóndi.
S. Sigurðsson, bóndi.
Sigurður Sigurðsson, bóndi.
Sigurður Davíðsson, bóndi.
Sigurgeir Jakobson prestur.
S. Ólafsson, vinnumaður.
Sigurbjörn Hallgrímsson, bóndi.
Sigtryggur Jónsson, bóndi.
Sigurður Jónsson, bóndi.
Sæmundur Jónsson, bóndi.
Sigfús Guðmundsson, bóndi.
Sigurður Stefánsson, bóndi.
Sveinn Sveinsson, vinnumaður.
Tómas Jónsson, stefnuvottur.
Tómas Kristjánsson, bóndi.
Tómas Jóhannsson bóndi.
Trygvi Ólafsson, húsmaður.
Vigfús Gíslason, hreppstjóri.
Vigfús Gunnlögsson, skiptstjóri.
Þórður Þ. Jónsson, prestur.
Þorsteinn Daníelsen dannibrogsmáður.
Þ. Sigurðsson, fyrrum hreppstjóri.
Þ. Þ. Jónsson, stefnuvottur.
Þorvaldur Gunnlögsson, óðalsbóndi.
Þ. Sigfússon, snikkari.
Þ. Bjarnarson, snikkari.
Þórður Sigfússon beykir.
Þorlákur Bjarnarson, járnsmiður.
Þorsteinn Þorláksson, bóndi.
Þ. Þorsteinsson, bóndi.
Þorst. Þorsteinsson, bóndi.
Þorgeir Bjarnarson, bóndi.
Þ. Thorlacius, bóndi.
Þorkell Þorkelsson, bóndi.
Þórður Randversson, bóndi.

Eins og hver verkamaður er verður launa sinna, svo er og sjer í lagi hver góður og gegn embættismaður maklegur einnar þeirrar um-bunar, sem ómannlegt er að synja honum um. Þessi umbun er þakklæti, ef ekki í verki, þá samt í orði. Slíkt þakklæti er nú að vísu aldrei ótímabært, en allra helst er þó tími til að fram bera það þá, þegar hinn góði og gegni embættismaður er farinn svo í burt, að hans nýtur eigi framar við. Þannig virðist oss nú hinn rjetti tími til þess, að lýsa opinberlega þakklæti voru til hjeradsleknis Finsens, sem hvarf frá embætti sínu og fósturjörðu næst-líðid sumar og vitjar vor líklega aldrei framar. Vjer hikum oss eigi við að telja hann einn meðal hinna fáu embættismanna vorra, er sam-eina hvortveggja svo sagurlega, samvirkusemi og skyldurækt í embættisverkum og huggæði og ástúd við hvern mann. Og þá er eigi síður skylt að halda því á lofti, að hann reynd-ist oss jafnan vel kunnandi og hamingiudrjúg-ur læknir. Það er því eigi kyn, þó oss og fleirum sje eptirjá að þvillkum manni og mikil

raun að því, að hann gat eigi lengur unað hag sínum hjá oss. En því fremur viljum vjer þá og einnig í nafni vor sjálfra, og vjer þorum að segja flestra ef eigi allra þeirra, sem þekktu og reyndu hjeradsleknis Finsens, votta honum nú að skilnaði þakklæti vort, virðing og viðurkenning fyrir gjörðir hans og allar fram-ferðir vor á meðal. Þótt svo hamingjusam-lega takist, að sæti hans verði vel skipað, þá munum vjer eigi að síður hjeradsbúar hans, sem verið höfum, æ verða að geyma minningu hans í heidri og hugþokka. Vjer biðjum hon-um því og allra virkta á hinu fjarlæga landi, þar sem hann nú er kominn, og óskum að hann uppskeri þar gagn og gleði, eins og hann sjálfur hefir sáð og sáir til. En fósturjörðu vorri, sem er svo þunnskipuð af öðrum eins ágætismönnum, henni árum vjer þess og jafn-framt af heilum hug, að hún aldrei stýri þeirri ógæfu, að fæla frá sjer nokkurn þvillkan mann, þá er hún hefir borid gæfu til þess, að eignast hann.

Í desembermánuði 1866.

Ásmundur Benidiktsson, bóndi á Stórvöllum.
Baldvin Sigurðsson, bóndi á Kálfsborgará.
Baldvin Sveinsson, meðhjálpari á Hrafnagili.
Benidikt Árnason, bóndi á Gautastöðum.
Benidikt Jóhannesson, hreppstjóri í Hvassafelli.
Ejörn Halldórsson, prófastur í Laufási.
Daníel Halldórsson, prófastur á Hrafnagili.
Einar Ásmundsson, varþingmaður í Nesi.
Eiríkur Halldórsson, bóndi í Skógargerði.
Grímur Jóhannesson, bóndi í Garðsvík.
Gunnar Ólafsson, prestur í Höfða.
Gunnlaugur Trygvi Gunnarsson, hreppstjóri á Hallgilsstöðum.
Halldór Sturluson, búandmaður á Öxará.
Hallgrímur E. Thorlacius, bóndi á Hálsi.
Hallgrímur Hallgrímsson, bóndi á Stórúhá-mundarstöðum.
Hallgrímur Tómasson, bóndi á Grund.
Hjálmar Þorsteinsson, prestur í Staera-árskógi.
Indriði Þorsteinsson, gullsmiður á Viðivöllum.
Jóhann Bessason, timburmaður í Skógum.
Jóhann Stefánsson, bóndi á Neðridálksstöðum.
Jón Austmann, prestur á Halldórstöðum.
Jón Benidiktsson, sðlasmíður á Stóruvöllum.
Jón Bergþórsson, meðhjálpari á Öxará.
Jón Stefánsson, sáttasemjari í Eyjafirði.
Jón Sveinbjarnarson, bóndi í Landamóteli.
Jón Thorlacius, prestur í Saurbæ.
Jón Yngvaldsson, prestur í Húsavík.
Ketill Sigurðsson, bóndi í Miklagarði.
L. I. C. Schou, verzlunarstjóri í Húsavík.
Ólafur Ólafsson, hreppstjóri í Hringisdal.
Sigfús E. Thorlacius, bóndi í Núpúfelli.
Sigurður Guðnason, hreppstjóri á Ljósavatni.
Sigurður Stefánsson, bóndi á Steindyrum.
Sigurður Sveinsson, bóndi á Brattavöllum.
Sigurður Þórðarson, sjálfseignarbóndi í Grenivík.
Sigurgeir Pálsson, bóndi í Svartárkoti.
Stefán Baldvinsson, búandmaður í Yztabæ.
Stefán Grímsson, bóndi á Skuggabjörgum.
Stefán Magnússon, hreppstjóri í Tungu.
Sveinn Sigfússon, bóndi á Brattavöllum.
Sveinn Sveinsson, bóndi á Holi.
Vigfús Gíslason, bóndi í Samkomugerði.
Vigfús Gunnlaugsson, bóndi á Hellu.
Þorlákur G. Jónsson, hreppstjóri á Krossi.
Þórður Jónsson, bóndi á Skeri.
Þorsteinn Jónsson, hreppstjóri á Griftubakka.
Þorsteinn Jónsson, kansellráð, sýslumaður í Húsavík.
Þorvaldur Gunnlaugsson, bóndi á Krossum.

† OLAFUR PRESTUR ÞORLEIFSSON.

Sjera Ólafur Þorleifsson fæddist 8. dag nóvembermánaðar 1783 á Siglunesi í Vadal-

þingi. Faðir hans var Þorleifur bóndi Jóns-son Oddasonar á Siglunesi, en móðir Ólaf, Ólaf-dóttir, bónda á Brekku í Fljótum. Ólaf-ur ólst upp á Siglunesi hjá foreldrum sínum, til þessa er hann var á 7. ári; þá var hann tekinn til fósturs af sjera Erlendi Jónssyni, prófasti á Hrafnagili, og var hjá honum 2 ár, en fór svo heim aptur á Siglunesi vorið 1792. Fjögur ár hin næstu var Ólafur með foreldr-um sínum, nema tvo vetur, sem þau komu honum til sjera Jóns Jónssonar á Hvanneyri til að læra undir skóla. Haustið 1796, þegar Ólafur var 13 vetra, fór hann í Hólaskóla, og var þá talinn tveim árum eldri en hann var í raun rjettri. Á Hólum stundaði hann skóla-lærdóm 6 vetur, en var heima hjá foreldrum sínum á sumrum. Vorið 1802, 20. d. maím., var hann útskrifaður úr skólum. Það ár hið sama var Hólaskóli lagður niður að kon-ungsboði, og voru þá línir nær 700 vetra frá því er skóli var fyrst settur að Hólum.

Árið 1803, þegar Ólafur var tvítugur að aldri, gekk hann að eiga fyrstu konu sína, er hjet Jarðþrúður Jónsdóttir. Hún var fóstur-dóttir húsráðar Guðrúnar Skúladóttur fógeta, en hafði þá um hrið verið í vist hjá sjera Þorkeli Ólafssyni stiptprófasti. Þau Ólafur og Jarðþrúður voru saman 3 ár, og eignuðust 2 börn, Þorleif, sem enn lifir, og Ólúfu sem drukknadi vorið 1820 ofan um ís á Ólafs-fjarðarvatni. Jarðþrúður andaðist haustið 1806.

Frá því Ólafur varð útskrifaður úr skóla, og til þess er hjer var komid, mun hann hafa áti heima á Siglunesi. En um veturinn eptir að hann missti konu sína, kaus sjera Jón Oddsson á Kvíabekk í Ólafsfirði hann fyrir aðstodarprest. Þór Ólafur þá þegar suður til Reykjavíkur, og var vígður af Geir byskupi Vfdalns á sunnudaginn í miðföstu 1807. Um vorið flutti sjera Ólafur sig að Uppsum á Uppsastönd, og tjekk Katrínar dóttur sjera Gunnars Hallgrímssonar, er þá var prestur þar, en síðar að Laufási. Kona sjera Gunnars, en móðir Katrínar, var þórunn Jónsdóttir prests Þorgrímssonar á Hálsi í Fnjóskadal.

Sjera Ólafur var þetta ár á Uppsum með tengdaföður sínum, og fór þaðan út yfir fjall-idi til Ólafsfjarðar, hvert sinn er hann þurfti að gegna embættisverkum. Næsta vor, 1808, flutti haun sig á Kvíabekk, en sjera Jón fór þaðan að Hringverskoti þar í firðinum, og af-saladi sjer braudinu skómmu síðar. Var sjera Ólafi veitt það aptur 10. dag desembermánuð-ar s. á.

Þau sjera Ólafur og Katrín kona hans áttu saman 3 börn, Gunnar, sem nú er prest-ur í Höfða, og tvær dætur, sem báðar dóu ungar. Árið 1838, 2 dag marzmán. andaðist húsráð Katrín, hún var þá á 60. ári, og hafði verið hin mesta gedþrýðiskona. 12. d. sept-embermánaðar s. á., kvæntist sjera Ólafur þriðja sinn, og gekk að eiga Guðrúnu, elztu dóttur sjera Jónasar Jónssonar prests í Höfða.

Árið 1839 hafði sjera Jónas í Höfða feng-ið Reykholt í Borgarfirði. Söti þá sjera Ó-lafur aptur um Höfðaprestakallið, og var hon-um veitt það, þá um haustið, 2. d. októberm. Vorið 1840 flutti hann sig að Höfða frá Kvía-bekk, og hafði hann þá verið þar 32 ár, en þjónað prestsembætti í Ólafsfirði 33 ár, og jafnframt því Hvanneyrarprestakalli í Siglu-firði hálfri þriðja ár, frá því um veturinn 1823 til þess um sumarid 1825, meðan stóð á mála-ferlum, sem Ásmundur Hvanneyrar prestur Gunnlaugsson var ridin við.

Sjera Ólafur var 26 ár prestur í Höfða, þegar hann hafði verið þar 3 ár, tók hann Gunnar son sinn sjer fyrir aðstodarprest, og byggði honum hálfan staðinn móti sjer. Þjóna-

en þáan þeir feðgar embættinu í sameiningu til þess vord 1866, er sjera Ólafur andaðist 17 dag júní mánaðar. Var hann þá á þriðja ári yfir áttítt, og hafði gegnt prestsverkum full 59 ár. Munu þeir sjera Ólafur og sjera Jón Jónsson á Grenjadarstöðum, sem deyði einmitt hinn sama dag, hafa verið hinir síðustu, sem lifðu eftir af lærissveinum Hólastólá.

Sjera Ólafur Þorleifsson var mikill maður vexti og sterkur, og hinn gjörvilegasti. Gleimadur var hann mikill, örlundur og ötull til allra framkvæmda, manna gestrisnastur og greiðvinnastur. Í æsku var hann bráðþroska bæði að sálargáfu og líkamsgjörfvi, svo þegar hann var á 19 ári, var hann fullþroskadur að vexti og kröftum, enda hafði hann þá og lokid af skólanámi sínu. Hann var gáfumaður í góðu meðal lagi, og fróður að því skapi. Í latínunámi þótti hann vera vel að sjer, og til eru eftir hann nokkrar stökur á latínu hnitilegar. Þýsku lærði hann eftir að hann var orðinn prestur, og las talavert af fræðibókum á því máli. Mátti með sannni segja, að hann fylgdi ísmanum í því, er að bókmenntum lýtur, engu síður en margir aðrir á hans reki.

Á Siglunesi, þar sem sjera Ólafur ólst upp, var í þann tíma meira sjávarúthald, en á nokkrum stad öðrum fyrir norðan land, og yndist hann því við sjómennsku frá barnæsku. Varð hann snemma formaður við fiskveiðar og hákarlaveiðar, og fórst honum það manna best úr hendi. Alla æfi voru líka sjóferdir honum einhver hin kærasta sýslun. Smíður var hann og á flesta hluti, er fyrir selur almennt að gjöra af trje edur járn, svo sem hús, báta, ljál, osfrv. Hann lagði sig jafnvel eftir að smíða stundaklukkur, og heppnaðist það furðanlega vel. Til sannindamerkis um þetta má geta þess, að Grímrur amtmaður Jónsson fjeck til sýnis hjá sjera Ólafi nokkur klukkuljól, er hann hafði smíðað. Senni amtmaður þau til Danmerkur, og fjeck sjera Ólafur þaðan sumarid 1827 frá landbúnaðarsfélaginu í verðlauna skyni 50—60 ríkisdalavirði af verkfærum, sem úrsmíðir þurfa að hafa.

Hann bar einnig gott skyn á lækningar, og stundaði þær lengstum, meðan hann var prestur, sóknarmönnum sínum og öðrum, er í grennd bjuggu, til góðra nota. Og í öllu var hann manna hjálparfúsastur við naustaða, leitudu því margir líðsinnir hans, og var hann jafnan skjótur til að veita ásjá eftir mætti, hverjum, er þess beiddist.

Embætti sitt stundaði hann með kostgæfni og árvekni, og sló aldrei á frest að ljúka af í tekan tíma hverju því er gjöra skildi. Öll embættisverk sín vandadi hann lika eftir megni, og kennimadur þótti hann vera í betra lagi. Lið sama vor, sem hann flutti sig að Kvíabekk, byggði hann kirkjuna þar frá grundvelli, og aptur á síðustu árum, sem hann var þar, byggði hann hana af nýju með timburþaki. Sömuleitiss byggði hann, á síðustu árum æfi sinnar, snotra timburkirkju í Hóða, og sparadi ekkert til, að hún gæti orðid sem sómasandlegust, þó hún væri sjálf fljóstil, og hann yrði að leggja mikid til af efnum sjálfs síns. Var þetta því virðingarverðara, sem sjera Ólafur mátti heita fremur fátækur maður.

† Árid 1866, 20. dag malmánaðar andaðist húsfreyja Guðný Þórdís Stefánsdóttir á Einarstöðum við Stöðvarfjörð, 39 ára gömul, eftir 27 vikna þungbara banalegu. Hún gíptist haustid 1845, Ólaf syni Nikulásar hreppstjóra, Brynjólfssonar á Þverhamri, og voru þau hjón þar hann vetur. En vord 1846, fluttu þau að Einarstöðum og bjuggu þar síðan. Guðný sáluga var höfðinglunduð, síðrúð

og hjartagóð og mun hennar því að makleikumu til góðs eins minnst verða.

24. júlí sama ár, andaðist að Hvammi við Fáskrúðsfjörð, föðursystir nefndar Guðnýjar, ekkjan Kristín Bjarnadóttir, 66 ára gömul. Þá hún var á 17. aldurs ári, gíptist hún Einarri bónda Guðmundssyni og bjuggu þau lengst í Breiðdalshrepp, en seinast að Hvammi við Fáskrúðsfjörð. Varð þeim hjónum þriggja barna auðid, af hverjum sonurinn Bjarni andaðist víkugamall, en eftir lífa Guðmundur bóndi Einarsson á Hafnarnesi og Þórdís Einaradóttir kona hreppstjóra Jóns Arnasonar í Hvammi.

Kristín sáluga var svo frábær yfirsetukona, að henni samtíða munu fáar slíkar verið hafa. Hún varð ljósmóir því nær 300 barna og sýndi Guð henni þá miskunn, að allar þær konur sem hún var hjá, hjeldu lífi og heilsu.

Hún var gládynd, hjartagóð og hjálpsöm. mun því minning hennar lífa í verðskuldumum heidri hjá öllum þeim, er hana þekktu.

† 2. dag júní mánaðar 1866 deyði að Hrófbergi eftir langvinna sjúkdómskröm Guðrún Guðmundsdóttir húsfreyja óðalsbónda og hreppstjóra Stefáns Stefánssonar samastadar Guðrún sáluga er fædd á Kaldrananesi í Bjarnarfjörð 19. ágúst árid 1788 og voru foreldrar hennar merkishjónin Guðmundur Jónsson óðalsbóndi s. b. og kona hans Guðrún Þorsteinsdóttir. Guðrún sáluga Guðmundsdóttir ólt þar upp þar til hún gíptist hinu guðrækna valmenni Sveinbini bónda Magnússyni á Hrófbergi, og bjuggu þau þar þangað til Sveinbjörn sálugi burtkallaðist á bezta aldri árid 1834, og eru 2 dætur þeirra enn á lífi. Seinna gíptist hin framliðna merkishjónanum Stefáni Stefánssyni. Á efri árum þjáðist hún af þungi og langvinnri heilsuveiki er að lýktum leiddi hana til grafar Guðrúnsláða var „þrydd óförgengilegu skarti högværs og kyláts anda“, trúarstyrk og þolinmód í öllu andstreymini lífsins, og trygg og vinföst og því ástæla öllum góðum mönnum. Dagfar hennar var fagur spegill frómyndrar sálar, og líf hennar framleidd í blidri ró að fullsælunnar takmarki.

G. G. S.

† Aðfaranóttina hins 15. júní mánaðar f. á., dó Björn Björnsson bóndi á Grund í Svarfardal. Hann var fæddur 20. ágúst 1806, á Ytragarðshorni, næsta bæ við Grund. Björn sálugi var búmaður góður. Hann fór þryðilega með allar skepnur og átti þær því ávallt vænar. Hann var raðvandur og stjórnsamur og vegnaði því optast nær vel, greidugur og hjálpsamur.

† 15. júlí 1866, andaðist að Fossvelli um á Jökuldal í Norðarmúlasýslu, merkishjónin Kristján Frimann Sigurðsson á 53 aldurs ári, fæddur 26 nóvember 1813, að Kaupangi í Eyjafirði, sonar sonur nefndarbónda Jakobs sáluga Þorvalds-sonar, er þar bjó lengi og seinast á Lilleyrarlandi. Á unga aldri missti Kristján sálugi föður sinn, fluttist hann þá með móður sinni Arnbjörgu Jónsdóttur? austur í Múlasýslu, hvar hún aptur gíptist þjerslækní J. Kerulf. 1838 gekk Kristján sálugi að eiga unefri Ingibjörgu Þorláksdóttur, prests frá Presthólum, hver ed var dóttursonur sjera Þorláks sáluga Þórarinssonar, prófests í Vaðlaþingi, þjóðskáldsins mikla. Þau lifðu saman í unabarsmælu hjónabandi 28 ár og varð 7 barna auðid, af hverjum 5 eru á lífi.

Kristján Frimann sálugi, mátti heita fyrirmynd bænda í sinni sveit; hann var hinn mesti dagnadar- og búslumadur, hagsýnn og hagar vel, hann var gáfumaður og vel að sjer í sinni stjett. Hreppstjóri var hann í mörg ár, og lét sjer ávallt í þeim efnum, mjög ann um sveit sína. Hann var úrredagóður, ráðhollur, trygður og vinfastur. Minning hans mun því höfð í heidri meðal sveitunga hans, er sakna hans, sem hins bezta sjalagalims.

† 6 september 1866, andaðist merkishjónin Hjalmar Arnason, á Skarði í Gögnefsskórum, fæddur 26 júlí 1821, kvongabist 1846; kona hans er Halldóra Brandsdóttir alþekkt að dyggð og dagnadi með hverri hann lifði í hjónabandi 20 ár, og átti með henni 11

börn, 8 drengi og 3 stólkur, af hverjum fjögur lífa. Hann var atgjörvismadur mikill, til sálar og líkama. reyndur að dyggð og dagnadi, þjóðhagasmíður á silfur, kopar, járn og trje, vandvirkur og trúvirkur, svo smíður hans þóttu margar betri en eftir suma handidnamenn og þó vel væru lærdir í sinni mennt. Hann var hjálsmenni og lipurmenni, vildi öllum gott gjöra sem hann hafði nokkur skípti við, eftir því sem efni og kringumstæður leyfðu, og sýndi það jafnan í orði og verki, þegar færi gafst; er hans því almennt sagnad, af öllum sem þekktu hann rjett.

P.

Hinn 15. nóvember f. á. andaðist merkishjónin Erlendur Bjarnason á Hellisfjardarselli í Norðfjarðarhrepp rúmt þrítugur að aldri. Daginn fyrir eða hinn 14. lagði hann af stad úr Reyðarfirði heim til sín og er yfir fjall að fara; var snjófallinn mikill og kafaldsveður. Á fjallinu varð hann snöggelega veikur, svo hann náði eigi til bygga um kveldid, og lá úti um nóttina; um morgunin var hann fundinn af heima mönnum hans þá mjög mátfarinn bæði af kulda og veikindum. svo hann andaðist áður enn honum varð komid til bæja.

Öllum sem kynntust Erlendi sáluga mun hafa fundist sárt að sjá þannig á bak honum á bezta aldri, því hann var sannkallað valmenni, sóni stóðu sinnar, og hugljúli hvers manns. Foreldrar hans voru heidursjónin Bjarni Þjetursson og Guðrún Erlendsdóttir systir prófests sjera Þórarins Erlendssonar á Hofi í Alþafirði. Erlendur sálugi var ungur þegar færi hans dó, og var hann fyrir búinu hjá móður sinni eftir það, er honum fórst snildarlega vel. Árid 1860 gíptist Erlendur ungfrú Ólöfu Þórarinsdóttur frá Hofi en hún dó að ári líðnu og átti ekki barna. Nú hafði hann aptur fastnað sjer heidursverða og góða stólkun Guðnýju Pálsadóttur að nafni af betri bænda ættum úr Reyðarfirði, er nú ásamt móður hans og öðrum ástvinum sárt syrgir hinn burtkallaða.

Erlendur sálugi var maður mikid vel að sjer, greindur og mjög stílltur, lesinn og fróður einkum í sögu Íslands, tryggur vinfastur og vinavandur, greidamadur og hjálpsamur öllum er til hans leitudu, reglumadur hinn mesti fyrirhyggjamsamur og yðinn, búmaður góður og einkar vel laginn til fjárræktar hverja hann stundaði og honum heppnaðist meita vel.

Nokkur undanfarnir ár var hann á sumrin og haustin aðstoðarmadur við verzlun hjá kaupmanni C. Tulinius á Eskjufirði og hafði hann állad sjer góðrar og greinilegrar þekkingar á öllu er þar til heyrði. Hann ávann sjer einnig við verzlunarstörfin sem í öðru almenningi hylli fyrir góðsemi, rjettisyni og trúmennsku.

† Dag 18. júlí mánaðar 1865, andaðist eftir stranga en stutta legu, úr hinni alkenndu tangaveiki, hin unga merkishjónin, húsfrú Þorbjörg Þorsteinsdóttir á Bakka á Langanesströndum, að eins 26 ára gömul, dóttir hinns nafnkunna ríka bónda, Þorsteins Bjarnasonar frá Bakka, en ektakvinna hreppstjóra og jarðyrkjumanns Metúsalems Magnússonar, frá Halldórsstöðum í Laxárdal. Höfðu þau búid á Bakka í ástrikri hjónabands sambúð tæp 5 ár og á því tímabili orðid tveggja barna auðid, af hverjum hið yngra, efnileg dóttir, nú elzt upp með föður sínum á Bakka, en hitt andaðist þegar á fyrsta aldurs ári, úr þeirri voðalegu barnaveiki.

Allir helztu menn úr sveitinni auk nánustu ættingja og vina, heidruðu minning hennar framliðnu með því, að fylgja henni til grafarinnar, dag 28. s. m., allt frá heimili hennar Bakka, eftir að hafa hlýtt þar á húskveði. Er sóknarpresturinn flutti við kistu hennar, að Skeggjastöðum, hvar hún samdegurs, eftir að sami prestur hafði frá altarinu flutt líkræðu yfir kistunni, var lögð í gróf síns áður burtkallada barns, að kórþaki við hlid föður síns sáluga.

Fagnrt hold fagra sál
fól næsta skamma hríð:
Elskunnar bjartast bál
bæði kalt dauðastríð
ektamanns til og ungrar
dóttur, sem lífr brosa blíð.